



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 27. október 2021



Sjötti fundur 64 stjórnar HSÍ var haldinn í á skrifstofu HSÍ, miðvikudaginn 27. október 2021 kl. 12.00.

Mættir voru Arnar Þorkelsson, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Jón Viðar Stefánsson, Kristín Þórðardóttir, Páll Þórólfsson og Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Davíð B. Gíslason og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir.

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 9 mánaða uppgjör
AÞ kynnti 9 mánaða uppgjör. Mikil aukning er í kostnaði landsliða á árinu vegna Covid 19.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. A landslið karla og kvenna
RG kynnti þau verkefni sem eru framundan hjá A landsliði karla og kvenna. Karlalandsliðið æfir hér á landi í nóvember og verða 2 vináttulandsleikir gegn Litháen í janúar á undan EM. A landslið kvenna fer til Tékklands í nóvember ásamt B landsliði kvenna og leikur á æfingarmóti ásamt Noregi, Sviss og Tékklandi.
 - b. Verkefni yngri landsliða
RG kynnti verkefni yngri landsliða en nóg er framundan. U20 karla fer til Danmerkur í nóvember, U18 fer til Frakklands í nóvember og Þýskalands í desember. U18 kvenna fer svo í undankeppni EM í nóvember.
 - c. EM í janúar
EM í janúar hefst 14. janúar og fer liðið út 11. Janúar í beinu flugi. Seldir eru rúmlega 400 miðar á mótið.
4. Nefnd um kvannahandboltann
RG kynnti lauslega niðurstöðu skoðanakönnunar sem farið var í vegna nefndar um kvannahandboltann. Nánar verður fjallað um málið á næsta fundi stjórnar.
5. Staða styrktaraðila
RG kynnti stöðu samningamála og þá styrktaraðila sem eru lausir. Verið er að vinna að endurnýjun samninga.
Farið verður í útsendingar á greiðsluseðlum til fyrirtækja í desember.
6. Starfsmannamál
HH hefur sagt starfi sínu lausu hjá HSÍ og hefur vinna hafist við að finna nýjan mótastjóra.
7. Önnur mál

Næsti fundur stjórnar HSÍ verður miðvikudaginn 17. Nóvember kl.16.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.



Róbert Geir Gíslason, fundarritari